



Reykjavík 23. júlí 2014

Boðun á 59. Landsþing
Landssambands Hestamannafélaga
haldið á Selfossi dagana 17. og 18. október 2014

Til formanna hestamannafélaga

Landsþing LH verður haldið dagana 17. og 18. október n.k. í boði hestamannafélagsins Sleipnis. Rétt til þingsetu eiga 175 þingfulltrúar frá 45 hestamannafélögum.

Kjörbréf verða send formönnum hestamannafélaganna um miðjan ágúst ásamt upplýsingum um gistingu á Selfossi. **Bókun á gistingu fer alfarið fram í gegnum skrifstofu LH á eyðublöðum sem verða send út síðar.**

Á meðfylgjandi blaði er yfirlit yfir fjölda félaga í LH 2014 og fjölda þeirra þingfulltrúa sem rétt eiga til þingsetu. Það eru 75 félagsmenn á bak við fyrsta þingfulltrúa, 76-150 á bak við annan þingfulltrúa, 151-225 á bak við þann þriðja o.s.frv.

Tillögur og önnur málefni sem hestamannafélögin óska eftir að tekin verða fyrir á þinginu verða að berast skrifstofu LH í síðasta lagi **22. ágúst n.k.** Í lögum LH stendur:

“1.2.2 Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum bréflaga dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.”

Bestu kveðjur, f.h. LH

Hilda Karen Garðarsdóttir